

Sp.

## 429. Nefndarálit

[162. mál]

um till. til þál. um vegáætlun fyrir árið 1977—80.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd fékk tillögu um vegáætlun fyrir árin 1977—80 til umsagnar og athugunar fyrir tæpum mánuði. Nefndin hefur síðan unnið að athugun á málinu og notið til þess fulltingis Snæbjarnar Jónssonar vegamálastjóra, Helga Hallgrímssonar forstjóra tæknideildar og annarra starfsmanna Vegagerðarinnar.

Ekki náðist samkomulag í nefndinni um afgreiðslu vegáætlunarinnar og mun m'nni hlutinn skila séráliti. Þó skal það tekið fram að nefndin í heild stendur að skiptingu fjármagns til einstakra framkvæmda innan hvers kjördæmis. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að áætlunin verði samþykkt með nokkrum breytingum á tekju- og útgjaldahlið áætlunarinnar, eins og fram kemur á þingskjali 428. Eru þær helstar, að gert er ráð fyrir sérstakri lánsfjáröflun — heimild til tóku vinnulána og annarra bráðabirgðalána til nýrra þjóðvega — að upphæð 400 millj. kr., og bætast þau við framkvæmdafé. Þá voru 200 millj. kr. færðar af verkfræðilegum undirbúningi og ýmsum þáttum viðhalds yfir á framkvæmdahlið. Ekki er trygging fyrir að heimild til vinnulána nýtist að fullu, en samkvæmt tillögu meiri hluta fjárveitinganefndar er gert ráð fyrir að heildarupphæð framkvæmdafjár á vegáætlun, að lánsheimildum meðtöldum, verði 3204 millj. kr. á árinu 1977 og 3347 millj. kr. á árinu 1978. Árið 1976 var tilsvarendi upphæð 2532 millj. kr. Samkvæmt upplýsingum Vegagerðar ríkisins er framkvæmdamáttur þessa fjár 1976 og 1977 mjög svipaður, ef miðað er við mars-verðlag beggja áranna eða miðað við núgildandi verðlag 3114 millj. kr. 1976 og 3204 millj. 1977. Séu hins vegar verktakalánsheimildir undanskildar er um nokkurn samdrátt að ræða, en þessar heimildir voru 250 millj. kr. 1976, en eru nú, eins og áður er sagt, 400 millj. — Svipað er að segja um fé til annarra þátta vegáætlunar, stjórnunar, vegaviðhalds, snjósmoksturs o. fl. Séu fjárveitingar ársins 1976 færðar til verðlags í mars 1977, verður niðurstaðan sú, að fjárveitingin 1976 var 1851 millj. til þessara þátta á móti 1904 millj. nú. Krónutalan breytist hins vegar úr 1381 millj. 1976 í 1904 millj. 1977.

Í sambandi við vinnubrögð fjárveitinganefndar er rétt að taka fram, að nefndin gerði heildartillögur um skiptingu stofnbrauta- og þjóðbrautafjár milli kjördæma, með þeim fyrirvara þó, að þingmönnum einstakra kjördæma gæfist svigrúm til að færa nokkuð frá stofnbrautum til þjóðbrauta, ef um slíkt yrði samkomulag. Tillögur liggja fyrir um að hækka þjóðbrautaféð um 76 millj. árið 1977 og 37 millj. 1978 frá því sem er í þingsályktunartillögunni. Stofnbrautaféð hefur lækkað að sama skapi, en heildarskipting framkvæmdafjárins milli kjördæma stendur óbreytt.

Þá gerði nefndin sérstakar tillögur um fjárveitingar í Borgarfjarðarbrú, Holtavörðuheidi og Oddsskarð, en að öðru leyti hafa þingmenn einstakra kjördæma gert tillögur um skiptingu á öllu nýbyggingarfé til vega innan sinna kjördæma. Er þetta í samræmi við samþykkt þeirrar breytingar á vegalögum, sem gerð var á s. l. ári.

Rétt er að vekja athygli á, að tillögur eru gerðar um nokkra nýja vegi og tilærslur á vegum milli flokka, svo sem fram kemur á þingskjali 428.

Alþingi, 25. mars 1977.

Ingi Tryggvason,  
varaform., frsm.  
Lárus Jónsson.

Þórarinn Sigurjónsson,  
fundaskr.  
Gunnlaugur Finnsson.  
Friðjón Þórðarson.

Steinþór Gestsson.  
Pálmi Jónsson.